

# STARFSLEYFI

UST202001-206

Landeldi á laxfiskum

**Fjallalax ehf.**

Lögheimili: Strandgötu 1, 465 Bíldudal,  
Starfsstöð: Hallkelshólar, Grímsnes- og Grafningshreppi  
Kt: 670809-0720

## 1 ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir félagið Fjallalax ehf., kt. 670809-0720, fyrir eldi í eldisstöð félagsins að Hallkelshólum, í Grímsnes- og Grafningshrepp. Fjallalax ehf. er hér eftir nefnt rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

### 1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til landeldis á laxfiskum að Hallkelshólum. Hámark lífmassa á hverjum tíma má ekki fara yfir 100 tonn.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um mat á umhverfisáhrifum, ef við á.

#### 1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, búnaði og rekstrarsvæði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif. Enn fremur skal áætlunin tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni í starfsstöðinni eða lóð hennar. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk í eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megi út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlanirnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er sbr. gr. 1.4.
- Þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu.
- Þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- ef niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 5.1, benda til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í

umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp að mati Umhverfisstofnunar getur hún einhliða endurskoðað eldisfyrirkomulagið.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.
- Ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot, sbr. gr. 3.7, á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.
- Ef breyting verður á skipulagi.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist, að mati stofnunarinnar, skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

## 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Rekstraraðili skal uppfylla skyldur þær er koma fram í 40. gr. laga nr. 7/1998. Ef frávik verða skal rekstraraðili upplýsa eftirlitsaðila tafarlaust um það og grípa tafarlaust til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að öllum kröfum vegna starfseminnar sé framfylgt eins fljótt og auðið er.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

## 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

## 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

## 2 STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við reksturinn. Í því felast aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Umhverfismarkmiðin skulu endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

### 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarförnum og framkvæmd viðbragðsáætla. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðaupplýsingum.

### 2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar.

Rekstraraðili skal halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðila skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

### 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

### 2.5 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hætta er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir Síða 4 af 12

umhverfið. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.6 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

# 3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulag. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskopdrætt í Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi og innleiddar samkvæmt ákvæðum í grein 1.6.

## 3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

## 3.3 Eldisvatn

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisins sbr. gr. 3.1.

## 3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári og 60 kg/tonn köfnunarefnis af lífmassaaukingu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

Þar sem fráveituvatn er leitt í á eða vatn, skal eftirfarandi gilda í eins metra fjarlægð frá útrás sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

- Hámarks breyting af völdum frárennslis: 2°C
- Súrefnismettun, lágmark: 70%
  - Má ekki fara undir 6 mg O<sub>2</sub>/l
- Hámarksbreyting á sýrustigi vegna frárennslis: 0,5
- Ammóníak NH<sub>3</sub>: minna en 0.025 mg/l
- Súrefnisnotkun BOD<sub>5</sub>: hæst 4 mg O<sub>2</sub> /l (eða hæst COD: 20 mg/l)
- Olíu og fitubræk má ekki sjást

- Hámarksaukning á svifögnum vegna frárennslis: 2 mg/l

### 3.5 Frárennslí

Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu og settjörn eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Hreinsibúnaður skal bættur bendi mælingar til að efnainnihald frárennslis sé yfir mörkum í starfsleyfi eða að kröfu eftirlitsaðila.

Vakta skal fosfór og köfnunarefni í vatni við inntak í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni, sbr. gr. 4.3. Ef magn næringarefna verður til þess að hafa áhrif á vatnshlotið, t.a.m. þannig að það falli um flokk sbr. gr. 3.7, þá er Umhverfisstofnun heimilt að gera kröfu um frekari hreinsun á frárennslisvatni án þess að starfsleyfinu sé breytt. Teikningar og gögn um fráveitu skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila sé kallað eftir þeim.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrás í viðtaka getur Umhverfisstofnun veitt rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur,
- frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti,
- rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu,
- í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.

Við útrásir þar sem eldisvatn í fráveitu er veitt í viðtaka má ekki vera:

- Set eða útfellingar,
- þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir),
- olía eða froða,
- sorp eða aðrir aðskotahlutir,
- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

### 3.6 Frárennslí frá starfsmannaaðstöðu

Frárennslí frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennslí frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

### 3.7 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar frárennslí í Höskuldslæk, vatnshlot nr. 103-932-R. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi vatnshlotsins varðandi líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðabætti samkvæmt reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8. Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. gr. 1.6, ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk vatns skv. 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

### 3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

### 3.9 Dauðfiskur og fastefni úr frárennsli

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Endurnýta skal dauðfisk eins og kostur er og skriflegur samningur skal liggja fyrir við þann aðila sem tekur við dauðum fiski til meðhöndlunar og skal sá aðili hafa til þess öll tilskilin leyfi. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang.

Fastefni (set síað úr eldisvatni) sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýtt eins og kostur er, t.d. sem áburð, sjá gr. 3.10.

### 3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð. Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### 3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

## 4 INNRA EFTIRLIT

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið.

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Lífmassaaukningu, framleiðslu og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsi- og sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til vegna eldisins og meðhöndlun hans,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3,
- niðurstöður vöktunar sbr. gr. 5.1,
- magn næringarefni í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3,
- tæming olíugildra séu þær til staðar,
- hreinsun á mengunarvarnarbúnaði eða settjörnum,

- lyfjagjöf.

## 4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt í viðtaka. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

## 4.3 Sýnataka og mælingar í viðtaka frárennslis

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD<sub>5</sub>), a.m.k. tvisvar á ári en fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6.

Mæla skal magn heildarfós (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki, fjölda mælinga er hægt að endurskoða, sbr. gr. 2.6. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila og vöktunaráætlun. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennsli við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun. Niðurstöður skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

## 4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.7.

## 4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnavarir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.4. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

# 5 UMHVERFISVÖKTUN

## 5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir vöktunaráætlun.

## 5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni eldisstöðvar samkvæmt starfsleyfi þessu eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun og taka þátt í umhverfisvöktun á svæðinu með rekstraraðila. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og Umhverfisstofnun samþykkir.



## 6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til 20. janúar 2038.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

**Reykjavík, 20.01.2022**  
**Umhverfisstofnun**

**Sigrún Ágústsdóttir**  
forstjóri

**Steinar Rafn Beck Baldursson**  
sérfræðingur

## Viðauki 1

### Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið og þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að skila mælingu á heildarfosfór, heildarköfnunarefni, svifögnum og lífrænu efni (TOC, COD eða BOD5) tvisvar á ári við inntak í stöðina og við útrás.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## Fylgiskjal

### Greinargerð vegna vinnslu leyfis Fjallalax ehf.

#### 1. Almenn

Fjallalax ehf (áður Fjallableikja ehf.), Strandgötu 1, 465 Bíldudal sótti um starfsleyfi vegna landeldis að Hallkelshólum í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjallableikja ehf. hafði áður verið með leyfi til landeldis sem tók til 20 tonna framleiðslu á ári. Sótt var um að auka eldið í 100 tonn af lífmassa á hverjum tíma.

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi, sbr. 8. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018, til eldis með hámarkslífmassa á hverjum tíma allt að 100 tonnum, á tímabilinu 6. desember 2021 til og með 4. janúar 2022. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 6. desember ásamt gögnum sem lágu til grundvallar tillögunni. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á sama tímabili. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send rekstraraðila, til sveitarfélagsins, til heilbrigðiseftirlits (b.t. heilbrigðisnefndar) og á aðra hagsmunaaðila sama dag og hún var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Unnið var í samráði við Matvælastofnun að samræmingu vegna auglýsingar á tillögum vegna starfsleyfis og rekstrarleyfis. Tillögur að báðum leyfum voru auglýstar samtímis á vefsíðum stofnananna.

#### 2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Fyrirspurn var send til Skipulagsstofnunar vegna matsskyldu framkvæmdarinnar og birti stofnunin ákvörðun sína þann 19. október 2021 um að hún þyrfti ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun veitti umsögn í því ferli og gerir ekki athugasemdir við þá niðurstöðu.

Að mati Umhverfisstofnunar munu helstu áhrif vera í formi aukins magns næringarefna, bæði á föstu formi og uppleystu, sem munu verða losuð í viðtakann. Áætluð losun næringarefna verður undir þeim mörkum sem almennt er miðað við varðandi losun í ferskvatn. Rekstraraðili mun samhliða auknu eldi auka hreinsun frárennslis með tromlusíum til viðbótar við settjarnir sem fyrir eru. Í starfsleyfi eru ákvæði þar sem hægt er að gera aukna kröfu um hreinsun fari rekstraraðili yfir þau mörk sem sett hafa verið í leyfið.

#### 3. Athugasemdir

Engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar á auglýsingatíma.

#### 4. Breytingar frá auglýstri tillögu

Gerðar hafa verið orðalagsbreytingar á grein 5.2 er varðar þáttöku í umhverfisvöktun frá auglýstri tillögu. Ekki hafa verið gerðar aðrar breytingar á starfsleyfinu frá auglýstri tillögu.

#### 5. Aðrar leyfisveitingar

Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Unnið var að samræmingu starfsleyfis og rekstrarleyfis hjá stofnununum. Einnig þarf nýtingarleyfi Orkustofnunar vegna vatnstöku.

## 6. Ákvörðun og gildistaka

Umhverfisstofnun hefur tekið ákvörðun um útgáfu á starfsleyfi fyrir rekstraraðila með allt að 100 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Umhverfisstofnun sendir Matvælastofnun starfsleyfið eftir ákvörðun um útgáfu sbr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008, um fiskeldi, sem afhendir það og birtir rekstraraðila.